Grímsnes 16. nóvember 2026

Efni: Umsögn AMSIS um drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt

AMSIS þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um drögin. Í umsögn sinni um frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga (mál nr. S-189/2026, 8. október 2026) gerði AMSIS athugasemd við að handhafar dvalarleyfa vegna alþjóðlegrar verndar og mannúðarsjónarmiða verði ekki lengur undanþegnir framfærsluskilyrði við umsókn um ótímabundið dvalarleyfi. Frumvarpið hefur nú verið lagt fram á Alþingi (295. mál, þskj. 334) og gerir áfram ráð fyrir brottfalli undanþágunnar (e-liður 9. gr.). AMSIS afmarkar umsögn sína við þau ákvæði reglugerðardraganna sem snerta þennan hóp.

Tímabundin félagsleg aðstoð og ótímabundið dvalarleyfi (1., 2. og 8. gr.)

Samkvæmt 1. gr. draganna gilda skilyrði reglugerðarinnar einnig um umsóknir um ótímabundið dvalarleyfi, og samkvæmt 2. og 8. gr. teljast greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis eða sveitarfélags ekki til tryggrar framfærslu. Í kynningu málsins kemur fram að reglugerðin taki ekki til dvalarleyfa á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða mannúðarsjónarmiða, þar sem lögin heimili að útgáfa og endurnýjun slíkra leyfa sé án framfærsluskilyrða. Verði frumvarpið að lögum að óbreyttu munu handhafar þessara leyfa hins vegar þurfa að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar þegar þeir sækja um ótímabundið dvalarleyfi. Drögin taka ekki mið af því.

Fólk í þessum hópum getur þurft fjárhagslegan stuðning í upphafi dvalar, meðal annars á meðan það kemur sér fyrir, lærir íslensku og byggir upp stöðu sína á vinnumarkaði. AMSIS ítrekar að slíkur tímabundinn stuðningur má ekki síðar verða hindrun í vegi fyrir ótímabundnu dvalarleyfi.

Undanþágur vegna tímabundinna frávika (7. gr.)

Í 7. gr. er heimilað að víkja frá framfærsluskilyrðinu þegar framfærsla hefur verið ótrygg um skamman tíma og ríkar sanngirnisástæður mæla með því. Dæmin sem nefnd eru, þ.e. atvinnumissir, fjarvera frá vinnumarkaði vegna barneigna, alvarleg veikindi og alvarlegt slys, eiga ekki við um upphafstíma dvalar hjá fólki sem nýtur alþjóðlegrar verndar. Þá skal tímabil ótryggrar framfærslu almennt ekki vara lengur en þrjá mánuði.

Í 4. kafla greinargerðar með frumvarpinu (þskj. 334) segir að í ljósi 34. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna beri að taka sérstakt tillit til aðstæðna verndarhafa við beitingu sanngirnisundanþágu a-liðar 2. mgr. 58. gr. laga um útlendinga. AMSIS leggur til að þetta sérstaka tillit verði útfært í reglugerðinni, þ.e. að skýrt verði kveðið á um hvernig tímabundin félagsleg aðstoð í upphafi dvalar verði metin, hvaða tímabil geti fallið undir undanþágu og hvernig tryggt verði að einstaklingsbundnar aðstæður umsækjenda fái raunverulegt vægi.

Lokaorð

AMSIS eru ópólitísk og óháð frjáls félagasamtök sem starfa að mannúðar- og líknarstarfsemi í þágu einstaklinga og hópa sem hafa skert tækifæri til menntunar, meðal annars vegna fátæktar og félagslegrar útilokunar. Samkvæmt samþykktum félagsins styður það m.a. menntunar- og þróunarverkefni í lágtekjulöndum og mannréttindi jaðarsettra hópa á Íslandi. AMSIS afmarkar umsögn sína við þau ákvæði draganna sem snerta fólk sem nýtur alþjóðlegrar verndar eða dvalarleyfis á grundvelli mannúðarsjónarmiða.

Fyrir hönd AMSIS,

Guðrún Helga Jóhannsdóttir

Guðrún Helga Diop Jóhannsdóttir

Formaður stjórnar AMSIS